

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	31.3.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	450612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram komu tvö frávik frá starfsleyfi er varða starfshætti og geymslu hráefna. Útistandandi eru frávik er varða stífluð niðurföll og magn svifagna í ofanvatni, umgengni á lóð, magn úrgangs á lóð og neyðarráðstöfun kísilryks. Ein athugasemd er gerð vegna styrks svifagna í ofanvatni.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið fyrra eftirlit í kísilver PCC á Bakka. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2)
2. Meðhöndlun aukaafurða og úrgangs (gr. 3.14-3.17)
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.4)
4. Skráningar (gr. 4.1)
5. Staða frávíka
6. Önnur mál
7. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi með rekstraraðila þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins. Rekstraraðili kynnti starfsemi fyrirtækisins og fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti.

Farið var yfir meðhöndlun aukaafurða og úrgangs. Útistandandi eru frávik vegna magns úrgangs og umgengni á lóð rekstraraðila. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur verið unnið að tiltekt á lóðinni og einnig orðið nokkur framgangur í því að koma úrgangi í réttan farveg. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun 29. janúar 2021 og upplýsti stofnunina um framvindu úrbóta þann 25. nóvember 2021. Samkvæmt úrbótaáætlun stóð til að koma hluta úrgangs á lóðinni í endurvinnslu en fyrir liggja að farga þurfi stórum hluta hans og til staði að framkvæmd yrðu útskolunarpróf til að hægt væri að ákvarða réttan farveg úrgangsins. Fram kom í eftirliti að útskolunarpróf hefðu verið framkvæmd á uppsópi úr ofnhúsi, hráefnaryki, kísilryki og forskiljuryki vorið 2021. Jafnframt var gert útskolunarpróf á ketilryki frá PCC í lok árs 2021.

Rætt var um þjálfun starfsmanna, meðhöndlun spilliefna og umgengni á lóð. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er þjálfun starfsmanna í föstum skorðum og unnið að bættri umgengni á lóðinni.

Rekstraraðili fór yfir hvernig skráningum með rekstrarþáttum er háttað.

Útistandandi eru frávik er varða stífluð niðurföll, umgengni á lóð, magn úrgangs á verksmiðjulóð og neyðarráðstöfun kísilryks á lóð. Fram kom að úrbótum er varðar frávik vegna lekavarna fyrir olíuefni væri lokið.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila þar sem farið var í verksmiðjuhús og lóðin skoðuð. Í verksmiðjuhúsi var umtalsvert magn af ryki á gólfum. Á lóð var enn töluvert mikið af úrgangi þó að fram hafi komið að tiltekt hafi farið fram og skipulagi komið á þann úrgang sem er á lóðinni. Timburkurlshaugur er einnig töluvert stór og búinn að dreifa sér og fjúka út fyrir geymslusvæði fyrir hráefni, en rekstraraðila ber að geyma hráefni og framleiðsluvörur utandyra þannig að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar. Á lóðinni voru einnig kassar sem er afgangur frá byggingu verksmiðjunnar. Kassarnir eru illa farnir eftir að hafa staðið úti óvarðir árum saman og farnir að brotna niður. Staðfestar voru úrbætur vegna lekavarna fyrir olíuefni, en rekstraraðili hefur komið olíutunnum fyrir í lekaheldum gámi.

gr. 2.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Mikið ryk á gólfum verksmiðjunnar sem bendir til þess að bæta þurfi verklag til að draga úr losun mengunarefna og stuðla að snyrtilegu rekstrarsvæði.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætt á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir

ANNAÐ

Styrkur svifagna í ofanvatni sem heimilt er að losa í Bakkaá var 44,4 mg/L í seinni mælingu ársins 2021. Mörk í starfsleyfi eru 35 mg/L, sbr. gr. 3.11 í starfsleyfi. Útistandandi er frávik frá gr. 3.11, sbr. skýrslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022



Sigríður Magnúsdóttir

